

Embættisafgreiðslufundur skipulagsfulltrúa Reykjavíkur samkvæmt viðauka 2.4 við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar.

Ár 2020, föstudaginn 24. apríl kl. 09:24, hélt skipulagsfulltrú Reykjavíkur 770.
embættisafgreiðslufundur sinn til afgreiðslu mála án staðfestingar skipulags- og samgönguráðs.
Fundurinn var haldinn á skrifstofu skipulagsfulltrúa Borgartúni 12 - 14, 2. hæð, Stardalur.

Fundinn sátu: Björn Axelsson, Ágústa Sveinbjörnsdóttir og Helena Stefánsdóttir.

Eftirtaldir embættismenn kynntu mál á fundinum: Hildur Gunnarsdóttir, Guðlaug Erna
Jónsdóttir, Lilja Grétarsdóttir, Hulda Einarsdóttir, Björn Ingi Edvardsson, Hrafnhildur
Sverrisdóttir, Ingvar Jón Bates Gíslason, Sólveig Sigurðardóttir, Ólafur Melsted og Haukur
Haflíði Nínuson.

Ritari var Erna Hrönn Geirsdóttir.

Þetta gerðist:

- Barmahlíð 19, Hækka þak, svalir** (01.702.015) Mál nr. BN057498
Skjalnr. 7218
Jón Örn Guðbjartsson, Barmahlíð 19, 105 Reykjavík
Aðalheiður Atladóttir, Barmahlíð 21, 105 Reykjavík
Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 21. apríl 2020 þar sem sótt er
um leyfi til þess að stækka íbúð á 2. hæð með því að hækka þak og útbúa svefnherbergi,
baðherbergi og þvottahús auk þess að bæta við svölum á rishæð íbúðarhúss nr. 19 við
Barmahlíð.
Erindi fylgir A3 afrit af teikningasetti dags. 25. mars 2020 með áritun eigenda íbúða 0001
og 0101. Gjald kr. 11.200
Vísad til umsagnar verkefnisstjóra.
- Barmahlíð 21, Hækka þak og útbúa rishæð** (01.702.016) Mál nr. BN057513
Skjalnr. 11485
061175-2539 Falk Krueger, Barmahlíð 21, 105 Reykjavík
Aðalheiður Atladóttir, Barmahlíð 21, 105 Reykjavík
Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 21. apríl 2020 þar sem sótt er
um leyfi til þess að stækka íbúð á 2. hæð með því að hækka þak og útbúa svefnherbergi,
baðherbergi og þvottahús auk þess að bæta við svölum á rishæð íbúðarhúss nr. 21 við
Barmahlíð.
Erindi fylgir A3 afrit af teikningasetti dags. 25. mars 2020 með áritun eigenda íbúðar
0101. Gjald kr. 11.200
Vísad til umsagnar verkefnisstjóra.
- Kamsvegur 4, Bílskúr, matshluti.02** (01.352.605) Mál nr. BN057254
Skjalnr. 14046
Hreinn Halldórsson, Kamsvegur 4, 104 Reykjavík
Viktória Róbertsdóttir, Kamsvegur 4, 104 Reykjavík
Að lokinni grenndarkynningu er lagt fram að nýju erindi frá afgreiðslufundi
byggingarfulltrúa frá 3. mars 2020 þar sem sótt er um leyfi til að byggja bílskúr með
steyptri gólfplötu, útveggjum úr timbri og með einhalla þaki á lóð nr. 4 við Kamsveg,
samkvæmt uppdr. Arkitektastofu Þorgeirs dags. 24. febrúar 2020. Erindi var
grenndarkynnt frá 19. mars 2020 til og með 16. apríl 2020. Engar athugasemdir bárust.
Samþykki meðeigenda húss, dags. 6 febrúar 2020, fylgir erindinu.
Stærð bílskúrs er: A rými 25,8 ferm., 262,3 rúmm. B rými 2,2 ferm., 21,9 rúmm. Gjald
kr. 11.200
*Samþykkt með vísan til viðauka um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa við samþykkt
um stjórn Reykjavíkurborgar.*
Vísad til fullnaðarafgreiðslu byggingarfulltrúa.

4. **Barðavogur 21, (fsp) breyting á** (01.443.0) Mál nr. SN200217
deiliskipulagi Skjalnr. 7332
Röðull Kolbeinn Arinbjargarson, Dofraborgir 21, 112 Reykjavík
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa var lögð fram fyrirspurn Röðuls Kolbeins Arinbjargarsonar dags. 9. apríl 2020 um breytingu á deiliskipulagi Vogahverfis vegna lóðarinnar nr. 21 við Barðavog sem felst í að ósamþykkt íbúð í húsinu verði samþykkt. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lögð fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 24. apríl 2020.
Neikvætt, með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 24. apríl 2020.
5. **Logafold 138, (fsp) breyting á notkun** (02.871.6) Mál nr. SN200220
bílskúrs Skjalnr. 11173
Þorsteinn Kristján Jóhannsson, Kleppsvegur 118, 104 Reykjavík
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa var lagt fram erindi Þorsteins Kristjáns Jóhannssonar og Önnu Guðrúnar Guðjónsdóttur dags. 8. apríl 2020 um að breyta notkun bílskúrs lóð nr. 138 við Logafold í íbúð fyrir fatlaðan einstakling. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju ásamt nýrri umsögn skipulagsfulltrúa dags. 24. apríl 2020.
Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 24. apríl 2020 samþykkt.
6. **Norðurbrún 2, (fsp) breyting á** (01.352.5) Mál nr. SN200183
deiliskipulagi Skjalnr. 7586
510219-1470 Ósvör ehf., Nýhöfn 3, 210 Garðabaer
500191-1049 Arkþing - Nordic ehf., Bolholti 8, 105 Reykjavík
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 3. apríl 2020 var lögð fram fyrirspurn Helga Mars Hallgrímssonar dags. 20. mars 2020 að breytingu á deiliskipulagi fyrir lóð nr. 2 við Norðurbrún sem felst í annars vegar að heimilt verði að vera með þrjár íbúðir á jarðhæð í stað tveggja, heildarfjöldi íbúða eykst ekki við þetta og stærð verslunar- og þjónusturýmis á jarðhæð breytist ekki, og hins vegar að heimilt verði að hafa þrjá bílskúra á norðurhlíð hússins í kjallara, samkvæmt tillögu Arkþings - Nordic mótt. 20. mars 2020. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lögð fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 24. apríl 2020.
Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 24. apríl 2020 samþykkt.
7. **Elliðaárdalur, deiliskipulag** (04.2) Mál nr. SN190373
Skjalnr. 5813
Lögð fram tillaga umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkurborgar að deiliskipulagi fyrir borgargarðinn í Elliðaárdal. Skipulagið byggir á grunni eldra deiliskipulags sem var samþykkt árið 1994 sem fellt er úr gildi. Í tillögunni eru afmörkuð og skilgreind hverfisverndarsvæði í dalnum, gerð grein fyrir helstu göngu- og hjólastígum ásamt nýjum þverunum yfir Elliðaárna og skilgreind helstu útivistar- og áningarstaðir, samkvæmt uppd. Landslags ehf. dags. 10. febrúar 2020. Einnig er lögð fram greinargerð Landslags ehf. um forsendur deiliskipulags dags. 10. febrúar 2020, greinargerð Landslags ehf. um stefnumörkun og skilmála dags. 10. febrúar 2020, skýringarmynd Landslags ehf. dags. 10. janúar 2020 og drög Borgarsögusafns Reykjavíkur að varðveislumati og húsaskrá fyrir Elliðaárdalinn. Einnig er lagður fram tölvupóstur stjórnar Hollvinasamtakanna dags. 19. mars 2020 og bréf Halldórs Páls Gíslasonar f.h. Hollvinasamtaka Elliðaárdals dags. 21. apríl 2020.
Samþykkt að framlengja auglýsingafrest til 18. maí 2020.

8. **Gufunes, útivistarsvæði, breyting á** (02.2) Mál nr. SN200232
deiliskipulagi Skjalnr. 7808

570480-0149 Reykjavíkurborg - eignasjóður, Borgartúni 10-12, 105 Reykjavík

Lögð fram umsókn skrifstofu framkvæmda og viðhalds dags. 17. apríl 2020 varðandi breytingu á deiliskipulagi Gufunes, útivistarsvæðis, vegna almenningsalernis sem koma á fyrir á skilgreindu útivistarsvæði Gufunes. Í breytingunni felst að settur er inn nýr byggingarreitur eingöngu ætlaður fyrir almenningsalerni, samkvæmt uppdr. Yrki arkitekta ehf. dags. 15. apríl 2020.

Vísað til meðferðar verkefnisstjóra.

Vakin er athygli á að erindið fellur undir gjaldskrá vegna kostnaðar við skipulagsvinnu og útgáfu framkvæmdaleyfis í Reykjavíkurborg nr. 1231/2018.

9. **Hádegismóar, skipulagslýsing - nýtt** (04.41) Mál nr. SN200054
deiliskipulag Skjalnr. 8106

440169-2879 Bandalag íslenskra skáta, Hraunbæ 123, 110 Reykjavík

Gunnar Bergmann Stefánsson, Máнатún 3, 105 Reykjavík

Að lokinni kynningu er lögð er fram að nýju umsókn f.h. Bandalags íslenskra skáta, dags. 22. janúar, ásamt skipulags- og matslýsingu ódags. vegna gerðs nýs deiliskipulags við Hádegismóa. Um er að ræða deiliskipulag fyrir nýjar höfuðstöðvar Bandalags íslenskra skáta. Eftirtaldir sendu inn athugasemdir/umsögn: Sigrún Helgadóttir og Ólafur S. Andrésson dags. 13. apríl 2020, Skipulagsstofnun dags. 8. apríl 2020 og íbúaráð Árbæjar og Norðlingaholts dags. 21. apríl 2020.

Vísað til skipulags- og samgönguráðs.

10. **Hofsvallagata 54, (fsp) stækkun** (01.526.1) Mál nr. SN200105
veitingastaðarins Hagavagninn Skjalnr. 7723

Vigfús Halldórsson, Biskupsgata 3, 113 Reykjavík

441011-0590 Giljastigur ehf, Laugavegi 77, 101 Reykjavík

Lögð fram fyrirspurn Vigfúsar Halldórssonar dags. 10. febrúar 2020 um breytingu á deiliskipulagi lóðarinnar nr. 54 við Hofsvallagötu sem felst í stækkun á núverandi veitingastað á lóð nr. 54 við Hofsvallagötu til að koma fyrir salernisaðstöðu fyrir viðskiptavinum, samkvæmt uppdr. Vigfúsar Halldórssonar dags. 7. desember 2019, en í dag er einungis salernisaðstaða fyrir starfsfólk. Einnig er lagður fram tölvupóstur Vigfúsar Halldórssonar dags. 11. febrúar 2020.

Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.

11. **Kjalarnes, Mógilsá og Kollafjörður,** (34.2) Mál nr. SN200231
breyting á deiliskipulagi Skjalnr. 10173

570480-0149 Reykjavíkurborg - eignasjóður, Borgartúni 10-12, 105 Reykjavík

Lögð fram umsókn skrifstofu framkvæmda og viðhalds dags. 17. apríl 2020 varðandi breytingu á deiliskipulagi Mógilsár og Kollafjarðar á Kjalarnesi vegna almenningsalernis sem koma á fyrir á skilgreindu útivistarsvæði við Esjurætur. Í breytingunni felst að settur er inn nýr byggingarreitur eingöngu ætlaður fyrir almenningsalerni, samkvæmt uppdr. Yrki arkitekta ehf. dags. 15. apríl 2020.

Vísað til meðferðar hjá verkefnisstjóra.

Vakin er athygli á að erindið fellur undir gjaldskrá vegna kostnaðar við skipulagsvinnu og útgáfu framkvæmdaleyfis í Reykjavíkurborg nr. 1231/2018.

12. **Kjalarnes, Varmadalur 4, (fsp) bygging** (01.118) Mál nr. SN200195
Þriggja húsa Skjalnr. 10167
 Egill Sveinbjörn Egilsson, Varmadalur 1, 162
 Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa var lögð fram fyrirspurn Egils Sveinbjörnssonar dags. 30. mars 2020 um að reisa hús að stærð 100-120 fm. í suðvestur horni lóðarinnar að Varmadal 4 á Kjalarnesi, samkvæmt skissu ódags. Annars vegar eitt starfsmanna- og þjónustuhús og hins vegar hús til útleigu til skemmri tíma. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lögð fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 21. apríl 2020.
Neikvætt, með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 21. apríl 2020
13. **Tryggvagata og Naustin, framkvæmdaleyfi** (01.118) Mál nr. SN200243
 Skjalnr. 8850
 570480-0149 Reykjavíkurborg - eignasjóður, Borgartúni 10-12, 105 Reykjavík
 Lögð fram umsókn skrifstofu framkvæmda og viðhalds dags. 20. apríl 2020 um framkvæmdaleyfi vegna endurgerðar Tryggvagötu (milli Grófar og Pósthússtrætis) og Nausta (milli Geirsgötu og Tryggvagötu). Einnig er lagt fram teikningasett ódags. og útboðs- og verklýsing dags. í apríl 2020.
Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.
14. **Tunguháls 6, (fsp) aukning á** (04.342.1) Mál nr. SN200223
nýtingarhlutfalli og breyting á Skjalnr. 8857
bílastæðakröfu
 440703-2590 THG Arkitektar ehf., Faxafeni 9, 108 Reykjavík
 Lögð fram fyrirspurn THG Arkitekta ehf. dags. 15. apríl 2020 ásamt greinargerð dags. 22. desember 2019 um aukningu á nýtingarhlutfalli lóðarinnar nr. 6 við Tunguháls úr 0.7 í 1.1 og breyta bílastæðakröfu í 1 bílastæði á hverja 50 fm. í skrifstofuhluta og 1 bílastæði á hverja 200 fm. í geymslum, verkstæði eða tæknirýmum.
Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.
15. **Frostaskjól 39-45, 45 - Viðbygging** (01.515.107) Mál nr. BN057492
 Skjalnr. 14264
 Guðrún Marta Jóhannsdóttir, Frostaskjól 45, 107 Reykjavík
 Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa var lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 7. apríl 2020 þar sem sótt er um leyfi til að byggja steinsteypta, einnar hæðar viðbyggingu við vesturhlíð raðhúss nr. 45 (mhl. 04) á lóð nr. 39-45 við Frostaskjól. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 24. apríl 2020.
 Erindi fylgir bréf hönnuðar dags. 30. mars 2020.
 Stækkun vegna viðbyggingar er: 18,1 ferm., 48,9 rúmm. Gjald kr. 11.200
Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 24. apríl 2020 samþykkt.
16. **Hraunbær 103A, breyting á deiliskipulagi** (04.331.1) Mál nr. SN200055
 Skjalnr. 8320
 610786-1629 Dverghamrar ehf., Lækjarbergi 46, 221 Hafnarfjörður
 Kristinn Ragnarsson, Skaftahlíð 27, 105 Reykjavík
 Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 3. apríl 2020 var lögð fram umsókn Kristins Ragnarssonar dags. 23. janúar 2020 varðandi breytingu á deiliskipulagi Hraunbæjar 103-105 vegna lóðarinnar nr. 103A við Hraunbæ. Í breytingunni felst að heimilt verður að hafa þakgarða á hluta þaks yfir 5. og 7. hæð, samkvæmt uppdr. Kristins Ragnarssonar dags. 19. desember 2019. Erindinu var vísað til meðferðar hjá verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 24. apríl 2020.
Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 24. apríl 2020 samþykkt.

17. **Tunguvegur 12, (fsp) bílskúr** Mál nr. SN200209
Skjalnr. 14263
Ragnhildur Eiríksdóttir, Tunguvegur 12, 108 Reykjavík
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa var lögð fram fyrirspurn Ragnhildar Eiríksdóttur og Þorgríms Þráinssonar dags. 31. mars 2020 um byggingu bílskúrs á lóð nr. 12 við Tunguveg, samkvæmt skissu ódags. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lögð fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 24. apríl 2020.
Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 24. apríl 2020 samþykkt.
18. **Viðarrimi 19-25, (fsp) stækkun húss** (02.528.7) Mál nr. SN200197
Skjalnr. 14259
Berglind Ósk Kjartansdóttir, Viðarrimi 25, 112 Reykjavík
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 3. apríl 2020 var lögð fram fyrirspurn Berglindar Óskar Kjartansdóttur dags. 30. mars 2020 um stækkun hússins nr. 25 á lóð nr. 19-25 við Viðarrima, samkvæmt skissu ódags. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lögð fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 24. apríl 2020.
Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 24. apríl 2020 samþykkt.
19. **Lágholtsvegur 15, breyting á deiliskipulagi** (01.52) Mál nr. SN200225
Skjalnr. 13193
Lögð fram tillaga umhverfis- og skipulagssviðs að breytingu á deiliskipulagi Lýsisreits vegna lóðarinnar nr. 15 við Lágholtsveg. Í breytingunni felst byggingarritur er minnkaður og þinglýst kvöð um lagnir er sýnd, samkvæmt uppdr. Glámu Kím dags. 16. mars 2020.
*Leiðrétt bókun frá afgreiðslufundi skipulagsfulltrúa dags. 17. apríl 2020.
Rétt bókun er: Vísað til skipulags- og samgönguráðs.*
20. **Vitastígur 16, (fsp) stækkun húss** (01.190) Mál nr. SN200221
Skjalnr. 13703
550713-1280 Klittur ehf., Akraseli 18, 109 Reykjavík
701205-1540 Teiknistofan Óðinstorgi ehf, Óðinsgötu 7, 101 Reykjavík
Lögð fram fyrirspurn Klitts ehf. dags. 8. apríl 2020 um stækkun hússins á lóð nr. 16 við Vitastíg sem felst í að gera viðbyggingu/bíslag við gafl hússins og færa núverandi stiga sem er í húsinu í viðbyggingu/bíslag, samkvæmt uppdr. Teiknistofunnar Óðinstorgi dags. 7. apríl 2020.
Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.
21. **Borgartúnsreit Vestur 1.216, Guðrúnartún, breyting á deiliskipulagi vegna smáhýsa** Mál nr. SN190657
Skjalnr. 12496
Að lokinni auglýsingu er lögð fram að nýju tillaga umhverfis- og skipulagssviðs að breytingu á deiliskipulagi Borgartúnsreits Vestur 1.216 vegna afmörkunar nýrrar lóðar fyrir smáhýsi: Guðrúnartún. Velferðarsvið Reykjavíkurborgar leitast eftir að koma fyrir smáhýsum á völdum stöðum í borginni sem búsetuúrræði fyrir skjólstæðinga sína. Í breytingunni felst að koma fyrir allt að 3 smáhýsum á nýrri lóð, samkvæmt uppdr. Trípolí arkitekta dags. 28. október 2019, br. 22. apríl 2020. Tillagan var auglýst frá 7. janúar 2020 til og með 18. febrúar 2020. Eftirtaldir aðilar sendu athugasemdir/umsögn: Helga Ólafsdóttir dags. 9. janúar 2019 og Veitur dags. 18. febrúar 2020. Eftirtaldir sendu póst þar sem ekki eru gerðar athugasemdir: Birkir Fjalar Viðarsson dags. 24. janúar 2020. Erindinu var vísað til umsagnar hjá embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 21. febrúar 2020 og er nú lagt fram að nýju.
Vísað til skipulags- og samgönguráðs.

22. **Færsla Hringbrautar, Skógarhlíð, breyting**
á deiliskipulagi vegna smáhýsa

Mál nr. SN190658
Skjalnr. 7868

Að lokinni auglýsingu er lögð fram að nýju tillaga umhverfis- og skipulagssviðs að breytingu á deiliskipulagi Færslu Hringbrautar vegna afmörkunar nýrrar lóðar fyrir smáhýsi: Skógarhlíð. Velferðarsvið Reykjavíkurborgar leitast eftir að koma fyrir smáhýsum á völdum stöðum í borginni sem búsetuúrræði fyrir skjólstæðinga sína. Í breytingunni felst að koma fyrir allt að 3 smáhýsum á nýrri lóð, samkvæmt uppdr. Trípólí arkitekta dags. 30. október 2019 br. 22. apríl 2020. Tillagan var auglýst frá 7. janúar 2020 til og með 3. mars 2020. Eftirtaldir aðilar sendu athugasemdir/umsögn: Atli Ágústsson dags. 7. janúar 2019, Vilborg María Alfreðsdóttir dags. 20. janúar 2020, Snorri Guðjónsson dags. 20. janúar 2020, Daði Sveinsson dags. 21. janúar 2020, Sigrún Halla Halldórsdóttir dags. 20. janúar 2020, Hreinn Eliasson dags. 22. janúar 2020, Ásdís Auðunsdóttir dags. 22. janúar 2020, Anna Úrsúla Guðmundsdóttir dags. 22. janúar 2020, Sigrún Halldórsdóttir dags. 22. janúar 2020, Jóhann Már Valdimarsson dags. 22. janúar 2020, Sigurmon Hartmann og Gróa Sif dags. 22. janúar 2020, Jóhann A. Kristjánsson dags. 22. janúar 2020, Herdís Þorsteinsdóttir dags. 22. janúar 2020, Arnar Jónsson dags. 22. janúar 2020, Sigríður Ása Sigurðardóttir dags. 22. janúar 2020, Torfi G. Yngvason dags. 22. janúar 2020, Torfi G. Yngvason f.h. Bus Hostel ehf. dags. 22. janúar 2020, Þóra Lárusdóttir dags. 22. janúar 2020, Anna Guðný Björnsdóttir dags. 23. janúar 2020, Linda Jóhannsdóttir dags. 23. janúar 2020, Guðrún Ólafsdóttir dags. 23. janúar 2020, Anna Rósa Gestsdóttir dags. 23. janúar 2020, Íris Ólafsdóttir dags. 23. janúar 2020, Bára Brandsdóttir dags. 23. janúar 2020, Guttormur Ingi Einarsson dags. 23. janúar 2020, Eyrún Pétursdóttir dags. 23. janúar 2020, Hrafnhildur Fanngeirsdóttir dags. 23. janúar 2020, Pétur T. Gunnarsson dags. 23. janúar 2020, Hrafnhildur Lárusdóttir dags. 24. janúar 2020, Karen Christensen og Guðjón Guðmundsson dags. 24. janúar 2020, Jóhanna Hjálmtýsdóttir dags. 24. janúar 2020, Abdelaziz Hamou dags. 24. janúar 2020, Jóhanna Ólafsdóttir dags. 24. janúar 2020, Björn Jónsson og Sigríður Jóna Berndsen dags. 24. janúar 2020, Halldóra Ólafsdóttir dags. 28. janúar 2020, Vegagerðin dags. 29. janúar 2020, Einar Örn Einarsson dags. 30. janúar 2020, Snarrótin dags. 30. janúar 2020, Edda Árnadóttir dags. 1. febrúar 2020, Stefán Arnórsson dags. 1. febrúar 2020, Egill Matthíasson, Erna Matthíasdóttir og Sigríður Matthíasdóttir dags. 3. febrúar 2020, Björk Kristjánsdóttir dags. 3. febrúar 2020, Oskar Ómarsson dags. 4. febrúar 2020, Halldóra Æsa Aradóttir dags. 4. febrúar 2020, Íris Ólafsdóttir dags. 4. febrúar 2020, Matthías Bjarnason dags. 5. febrúar 2020, Laufey Pétursdóttir og Erla Steingrímsdóttir dags. 8. febrúar 2020, Helga Júlía Vilhjálmsdóttir dags. 13. febrúar 2020, Þorgerður Benediktsdóttir og Örvar Rudolfsson dags. 15. febrúar 2020, Svavar Guðmundsson og Elín Kristmundsdóttir dags. 16. febrúar 2020, Guðjón Guðmundsson dags. 16. febrúar 2020, Ása Benediktsdóttir dags. 16. febrúar 2020, Karen Christensen dags. 17. febrúar 2020, Helga Sigurðardóttir dags. 17. febrúar 2020, Tryggvi Baldursson dags. 17. febrúar 2020, Guðmundur Garðarsson og Hjördís dags. 17. febrúar 2020, Björn Valdimarsson og Sigríður Liba Ásgeirsdóttir dags. 17. febrúar 2020, Arnheiður Anna Elísdóttir dags. 17. febrúar 2020, Pétur Karlsson dags. 17. febrúar 2020, Aníta Elínardóttir dags. 17. febrúar 2020, Svanhildur Þorsteinsdóttir dags. 18. febrúar 2020, ályktun stjórnar íbúasamtaka 3. hverfis dags. 18. febrúar 2020, Guðrún Þorgerður Ágústsdóttir dags. 18. febrúar 2020, Hreinn Bernharðsson dags. 18. febrúar 2020, Magnús Axelsson dags. 18. febrúar 2020, Lena Viderö dags. 18. febrúar 2020, Veitur dags. 18. febrúar 2020, Ágúst Hjörtur Ingbórsson og Hulda Anna Arnljótsdóttir dags. 19. febrúar 2020, Guðbjörg Eiríksdóttir dags. 25. febrúar 2020 og Íbúaráð Miðborgar og Hlíða dags. 26. febrúar 2020. Eftirtaldir sendu póst þar sem ekki eru gerðar athugasemdir: Birkir Fjalar Viðarsson dags. 24. janúar 2020, Rúnar Steinn Rúnarsson dags. 24. janúar 2020 og Tryggvi Bragason dags. 24. janúar 2020. Einnig er lagður fram tölvupóstur Margrétar M. Norðdahl formanns íbúaráðs Miðborgar og Hlíða, dags. 18. febrúar 2020 þar sem óskað er eftir framlengingu á umsagnarfresti. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 6. mars 2020 og er nú lagt fram að nýju.

Vísað til skipulags- og samgönguráðs.

23. **Skólavörðustígur 31, Viðbygging** (01.182.238) Mál nr. BN055576
Skjalnr. 13479
Leifur Vilberg Orrason, Skólavörðustígur 31, 101 Reykjavík
Orri Wilberg, Skólavörðustígur 31, 101 Reykjavík
Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 21. apríl 2020 þar sem sótt er um leyfi til að byggja viðbyggingu ásamt því að gera inndregnar svalir á eldri hluta í húsi á lóð nr. 31 við Skólavörðustíg.
Stækkun: 100,4 ferm., 280,3 rúmm. Erindi fylgir umsögn skipulagsfulltrúa dags. 25. maí 2018 við fsp. SN180306, umsögn Minjastofnunar dags. 5. júní 2018 og afrit af tölvupósti vegna fellingu trjáa dags. 14. júní 2018. Gjald kr. 11.000
Vísad til meðferðar hjá verkefnisstjóra.
24. **Pósthússtræti 3 og 5, breyting á deiliskipulagi** (01.140.3) Mál nr. SN200211
Skjalnr. 5892
440703-2590 THG Arkitektar ehf., Faxafeni 9, 108 Reykjavík
711208-0700 Reitur fasteignafélag hf., Kringlunni 4-12, 103 Reykjavík
Lögð fram umsókn THG Arkitekta ehf. dags. 6. apríl 2020 varðandi breytingu á deiliskipulagi Kvosarinnar, með síðari breytingum, vegna lóðanna nr. 3 og 5 við Pósthússtræti. Í breytingunni felst að endurbyggja bakbyggingu í porti og byggja við hana létta viðbyggingu á 1. hæð og kjallara og koma þar fyrir veitingastarfsemi, samkvæmt uppdr. THG Arkitekta ehf. dags. 6. apríl 2020.
Vísad til meðferðar hjá verkefnisstjóra.
25. **Ánaland 2-4, 2 - Viðbygging - rífa sólstofu og svalir** (01.847.802) Mál nr. BN057467
Skjalnr. 14260
Íris Baldursdóttir, Spánn, Ólafur Magnússon, Spánn, Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 3. apríl 2020 var lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 31. mars 2020 þar sem sótt er um leyfi til þess að rífa sólskála og svalir á suðurhlíð og byggja í staðinn viðbyggingu með þaksvölum, opna inn í borðstofu, endurnýja eldhús og fjarlægja vegg milli stofu og eldhúss í parhúsi nr. 2 á lóð nr. 2-4 við Ánaland. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 24. apríl 2020.
Stækkun 1.3 ferm., 8.6 rúmm. Gjald kr. 11.200
Ekki gerð athugasemd við erindið, sbr. þó skilyrði og leiðbeiningar sem fram koma í umsögn skipulagsfulltrúa dags. 24. apríl 2020.
26. **Mýrargata 26, Skjólþak** (01.115.303) Mál nr. BN057514
Skjalnr. 9585
501114-1030 Mýrargata 26, húsfélag, Pósthólf 8940, 128 Reykjavík
Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 21. apríl 2020 þar sem sótt er um leyfi til að breyta stálhurð í glerhurð, hurðargat stækkað, komið fyrir útgeymslu undir stiga og skjólþak sett yfir gönguleiðir á 6. og 7. hæð á fjölbýlishúsinu á lóð nr. 26 við Mýrargötu.
Gjald kr. 11.200
Vísad til umsagnar verkefnisstjóra.
27. **Álfsnes, erindi frá íbúaráði Kjalarness vegna mengunar við skotsvæði** Mál nr. US200001
Skjalnr.
Á fundi skipulags- og samgönguráðs var erindi frá íbúaráði Kjalarness þann 12. desember 2019 vegna erindis um mengun tengda skotsvæði Álfsness vísað til umsagnar skrifstofu skipulagsfulltrúa. Í bókuninni segir: Í ljósi þess að íbúar og landeigendur hafa kvartað á annan áratug vegna skotæfingasvæðanna við Kollafjörð ályktar íbúaráð Kjalarness þess efnis að farið verði í það hið bráðasta að leysa úr þessum ágreiningi.

Æfingasvæðunum verði fundinn nýr staður þar sem sátt ríki um þessa starfsemi. Jafnframt verði gerð fagleg úttekt á blý- og hávaðamengun vegna starfseminnar. Einnig er lög fram beiðni Guðmundar Lárussonar dags. ódags. og skýrsla um mengun frá skotsvæðum á Álfsnesi dags. ódags. Erindinu var vísað til umsagnar hjá verkefnisstjóra á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 21. febrúar 2020 og er nú lagt fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 24. apríl 2020.

Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 24. apríl 2020 samþykkt.

28. **Álftamýri 43-57, (fsp) stækkun húss** (01.280.3) Mál nr. SN200216
Skjalnr. 10629

701209-2220 Ark-teikn slf., Álftamýri 49, 108 Reykjavík
Stefán Már Kristinsson, Álftamýri 43, 108 Reykjavík

Lögð fram fyrirspurn Ark-teikn slf. dags. 8. apríl 2020 um stækkun hússins nr. 43 á lóð nr. 43-57 við Álftamýri sem felst í því að gera viðbyggingu ofaná bilgeymslu, samkvæmt uppd. Ark-teikn slf. dags. 8. apríl 2020.

Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.

29. **Barónsstígur 21, (fsp) hækkun á þaki hússins** (01.174.3) Mál nr. SN200215
Skjalnr. 14265

Guðmundur Birgir Ólafsson, Starmýri 8, 108 Reykjavík
701209-2220 Ark-teikn slf., Álftamýri 49, 108 Reykjavík

Lögð fram fyrirspurn Ark-teikn slf. dags. 8. apríl 2020 um hækkun á þaki hússins á lóð nr. 21 við Barónsstíg, samkvæmt uppd. Ark-teikn slf. dags. 6. apríl 2020.

Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.

30. **Færsla Hringbrautar, breyting á deiliskipulagi** Mál nr. SN200233
Skjalnr. 7868

570480-0149 Reykjavíkurborg - eignasjóður, Borgartúni 10-12, 105 Reykjavík

Lögð fram umsókn skrifstofu framkvæmda og viðhalds dags. 17. apríl 2020 varðandi breytingu á deiliskipulagi Færslu Hringbrautar vegna almenningsalernis sem koma á fyrir við gönguleið í Hljómskálagarðinum. Í breytingunni felst að settur er inn nýr byggingarreitur eingöngu ætlaður fyrir almenningsalerni, samkvæmt uppd. Yrki arkitekta ehf. dags. 15. apríl 2020.

Vísað til meðferðar hjá verkefnisstjóra.

Vakin er athygli á að erindið fellur undir gjaldskrá vegna kostnaðar við skipulagsvinnu og útgáfu framkvæmdaleyfis í Reykjavíkurborg nr. 1231/2018.

31. **Ingólfstorg, breyting á deiliskipulagi** (01.140) Mál nr. SN200234
Skjalnr. 8947

570480-0149 Reykjavíkurborg - eignasjóður, Borgartúni 10-12, 105 Reykjavík

Lögð fram umsókn skrifstofu framkvæmda og viðhalds dags. 17. apríl 2020 varðandi breytingu á deiliskipulagi Ingólfstorgs vegna almenningsalernis sem koma á fyrir á Ingólfstorgi. Í breytingunni felst að settur er inn nýr byggingarreitur eingöngu ætlaður fyrir almenningsalerni, samkvæmt uppd. Yrki arkitekta ehf. dags. 15. apríl 2020.

Vísað til meðferðar hjá verkefnisstjóra.

Vakin er athygli á að erindið fellur undir gjaldskrá vegna kostnaðar við skipulagsvinnu og útgáfu framkvæmdaleyfis í Reykjavíkurborg nr. 1231/2018.

32. **Reitur 1.170.1 og 1.170.2, breyting á deiliskipulagi** (01.170.1) Mál nr. SN200230
Skjalnr. 7492
570480-0149 Reykjavíkurborg - eignasjóður, Borgartúni 10-12, 105 Reykjavík
Lögð fram umsókn skrifstofu framkvæmda og viðhalds dags. 17. apríl 2020 varðandi breytingu á deiliskipulagi reits 1.170.1 og 1.170.2 vegna almenningssalernis sem kom á fyrir neðan við Bernhöftstorfu. Í breytingunni felst að settur er inn nýr byggingarreitur eingöngu ætlaður fyrir almenningssalerni, samkvæmt uppdr. Yrki arkitekta ehf. dags. 15. apríl 2020.
Vísað til meðferðar hjá verkefnisstjóra.
- Vakin er athygli á að erindið fellur undir gjaldskrá vegna kostnaðar við skipulagsvinnu og útgáfu framkvæmdaleyfis í Reykjavíkurborg nr. 1231/2018.*
33. **Reitur 1.171.4, Hegningarhúss reitur, breyting á deiliskipulagi** (01.171.4) Mál nr. SN200229
Skjalnr. 10089
570480-0149 Reykjavíkurborg - eignasjóður, Borgartúni 10-12, 105 Reykjavík
Lögð fram umsókn skrifstofu framkvæmda og viðhalds dags. 17. apríl 2020 varðandi breytingu á deiliskipulagi reits 1.171.4, Hegningarhúss reits vegna almenningssalerna sem koma á fyrir við Vegamótastíg. Í breytingunni felst að settur er inn nýr byggingarreitur eingöngu ætlaður fyrir almenningssalerni, samkvæmt uppdr. Yrki arkitekta ehf. dags. 15. apríl 2020.
Vísað til meðferðar hjá verkefnisstjóra.
- Vakin er athygli á að erindið fellur undir gjaldskrá vegna kostnaðar við skipulagsvinnu og útgáfu framkvæmdaleyfis í Reykjavíkurborg nr. 1231/2018.*
34. **Reitur 1.181.4, Lokastígsreitur 4, breyting á deiliskipulagi** Mál nr. SN200235
Skjalnr. 12352
570480-0149 Reykjavíkurborg - eignasjóður, Borgartúni 10-12, 105 Reykjavík
Lögð fram umsókn skrifstofu framkvæmda og viðhalds dags. 17. apríl 2020 varðandi breytingu á deiliskipulagi reits 1.181.4, Lokastígsreits 4, vegna almenningssalernis sem koma við opið svæði á horni Lokastígs og Njarðargötu. Í breytingunni felst að settur er inn nýr byggingarreitur eingöngu ætlaður fyrir almenningssalerni, samkvæmt uppdr. Yrki arkitekta ehf. dags. 15. apríl 2020
Vísað til meðferðar hjá verkefnisstjóra.
- Vakin er athygli á að erindið fellur undir gjaldskrá vegna kostnaðar við skipulagsvinnu og útgáfu framkvæmdaleyfis í Reykjavíkurborg nr. 1231/2018.*
35. **Seljavegur 2, Veggmynd, grafík og skilti** (01.130.105) Mál nr. BN057518
Skjalnr. 7418
490518-2070 Framkvæmdafélagið Skjald. ehf., Þverholti 14, 105 Reykjavík
Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 21. apríl 2020 þar sem sótt er um leyfi til að setja veggmyndir á norður- og suðurhlíð og koma fyrir skilti ofan á norðurenda þaks á húsi á lóð nr. 2 við Seljaveg.
Bréf hönnuðar dags. 7. apríl 2020 fylgir. Gjald kr. 11.200
Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.
36. **Sogavegur 109, (fsp) þaksvalir** (01.820.2) Mál nr. SN200224
Skjalnr. 8416
Einar Kristjánsson, Sogavegur 109, 108 Reykjavík
Lögð fram fyrirspurn Einars Kristjánssonar dags. 15. apríl 2020 um að gera þaksvalir/afgirt útisvæði ofan á þaki bílskúrs á lóð nr. 109 við Sogaveg og setja hurð á vegg sem snýr í austur að bílskúrþakinu þar sem gengið yrði út á pallinn, samkvæmt tillögu ódags. Einnig er lagt fram samþykki eigenda lóðar nr. 109 við Sogaveg dags. 15. apríl 2020.
Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.

37. **Týsgata 6, (fsp) steypa vegg við lóðarmörk,** (01.181) Mál nr. SN200203
niðurrif á skúr og setja geymsluskúr Skjalnr. 14262
430414-0380 Týsgata 6, húsfélag, Týsgötu 6, 101 Reykjavík
Lögð fram fyrirspurn Skúla Rúnars Jónssonar dags. 1. apríl 2020 um að steypa veggur á lóðarmörkum lóðarinnar nr. 6 við Týsgötu, rífa skúr sem staðsettur er í norðurhorni lóðarinnar og endurbyggja hann þannig að veggur sem lagt er til að verði steypdur verði útveggur á nýjum geymsluskúrum.
Vísad til umsagnar verkefnisstjóra.

38. **Gufuneshöfði, breyting á deiliskipulagi** (02.2) Mál nr. SN200163
Skjalnr. 12335
681194-2749 Kanon arkitektar ehf, Laugavegi 26, 101 Reykjavík
530269-7529 Faxaflóahafnir sf., Tryggvagötu 17, 101 Reykjavík
Lögð fram umsókn Kanon arkitekta ehf. dags. 11. mars 2020 varðandi breytingu á deiliskipulagi Hamrahverfis vegna Gufuneshöfða. Í breytingunni felst að leyfileg hæð masturs verði um 15 metrar í stað 10 metrar ásamt því að akfær aðkomuslóði verður varanlegur en ekki tímabundin, samkvæmt uppdrætti Kanon arkitekta ehf. dags. 17. mars 2020. Einnig er lagður fram tölvupóstur Umhverfisstofnunar dags. 18. mars 2020 þar sem ekki eru gerðar athugasemdir við erindið.
Leiðrétt bókun frá afgreiðslufundi skipulagsfulltrúa dags. 20. mars 2020.
Rétt bókun er: Samþykkt að grenndarkynna framlagða tillögu að óverulegri breytingu á deiliskipulagi fyrir hagsmunaaðilum að Leiðhömrum 31, 37, 39, 46, 48, 50, 52, 54, og 56 og Krosshömrum 10, 12, 14, 16, 18, 20, 29, 31 og 33.
Vakin er athygli á að greiða þarf fyrir grenndarkynningu áður en kynning fer fram samkv. 7. 6.gr. gjaldskrá skipulagsfulltrúa nr. 1231/2018.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 14:57.

Björn Axelsson

Ágústa Sveinbjörnsdóttir

Helena Stefánsdóttir